

## Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ásbjarnar Óttarssonar um breytingar á gjaldskráám stofnana ráðuneytisins.

1. *Hvaða gjaldskrárbreytingar fyrir stofnanir ráðuneytisins hefur ráðherra staðfest á undanförunum 12 mánuðum?*

Engar gjaldskrárbreytingar fyrir stofnanir ráðuneytisins hafa verið staðfestar á síðustu 12 mánuðum.

2. *Hve miklar hækkanir eða lækkunir hafa orðið á gjaldskránum við þessar breytingar?*  
Engar.

3. *Hvaða breytingar á gjaldskráám bíða afgreiðslu í ráðuneytinu?*

Í ráðuneytinu er nú verið að gefa út breytingar á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. nr. 916/2001, þar sem gjöld eru hækkuð. Þá er í vinnslu í ráðuneytinu reglugerð um gjöld fyrir þjónustu faggildingarsviðs Einkaleyfastofu.